

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 08.02.2021
Tilv. 2021/0099 - 0.3.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005 og fleiri lögum – 344, mál

Vísað er til tölvubréfs, dags. 22. janúar 2021, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005 og fleiri lögum, 344. mál. Neytendastofa vísar til ítarlegrar umsagnar stofnunarinnar um drög að frumvarpinu sem send var í samráðsgátt stjórnvalda þann 11. nóvember s.l. og óskar jafnframt eftir að koma að eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið.

Stofnunin mótmælir því ekki að gott sé að endurskoða með reglubundnum hætti stjórnsýslu stofnana sem fara með framfylgd laga og eftirlits hér á landi. Við slíka endurskoðun þarf, sbr. leiðbeiningar fjármálaráðuneytisins um sameiningu ríkisstofnana, að vanda til verka og gefa sér 1 – 2 ár til að þróa og hrinda breytingum í framkvæmd. Slíkt hefur ekki verið gert í þessu tilfalli. Nauðsynlegt er að rannsaka og gera hlutlausu úttekt á starfsemi stofnana. Varðandi endurskoðun neytendamála og verkefna Neytendastofu vantar skýra framtíðarsýn og greiningu á aðstæðum auk rannsóknar og hlutlausrar úttektar á starfsemi stofnunarinnar fyrir flutning verkefna. Sést það helst á því að ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvernig fara eigi með það svið Neytendastofu sem frumvarp þetta varðar ekki. Þá er í athugasemdum með frumvarpinu vísað til skýrslu Háskóla Íslands frá 2008 „Ný sókn í neytendamálum“ til rökstuðnings með flutningi verkefna frá stofnuninni. Frá 2009 hefur stór hluti verkefna á sviði vöruöryggis sem í skýrslunni er talið að eigi ekki heima hjá Neytendastofu verið fluttur til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar en eftirlit með neytendavörum, t.d. leikföngum, snuðum, barnarúmum, endurskinsmerkjum og rafretum er hjá Neytendastofu.

Þau verkefni sem Neytendastofa sinnir teljast til neytendamála og eru samlegðaráhrif á milli sviða mikil. Þá hefur verið unnið mikið starf í kynningu á Neytendastofu gagnvart neytendum og fyrirtækjum sem stofnunin sér árangur af m.a. með fjölgun ábendinga og erinda á öllum sviðum. Neytendastofu berast ár hvert um 11.000 ábendingar og fyrirspurnir og síðastliðin ár hafa flestar þeirra varðað hættulegar vörur, villandi markaðssetningu, lán til neytenda og sölubann og innköllun.

Þá vill Neytendastofa gera athugasemdir við gildistökuákvæði frumvarpsins en lagt er til að frumvarpið taki gildi þann 1. apríl n.k. Stofnunin telur það of stuttan tíma m.v. þá vinnu sem eftir er en við tilfærsluna flytjast u.þ.b. 7 stöðugildi ásamt verkefnum frá Neytendastofu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Þá er faggilding Neytendastofu vegna kvörðunarþjónustu, eins og fram kemur í fyrri umsögn, sótt til UKAS og í maí er fyrirhuguð

úttekt. Fyrir þann tíma þyrfti að vera búið að flytja gæðakerfið yfir til nýrrar stofnunar sem er vandséð að náist á svo stuttum tíma. Verði frumvarpið samþykkt leggur Neytendastofa því til að gildistaka frumvarpsins verði í fyrsta lagi 1. október 2021.

Að öðru leyti vísar Neytendastofa til meðfylgjandi umsagnar.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Þórunn Anna Árnadóttir


Guðrún Lárusdóttir

Meðf.: Umsögn Neytendastofu, dags. 11. nóvember 2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 11.11.2020
Tilv. 2020/0828 - 0.3.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um drög að frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005 og fleiri lögum.

Vísað er til draga að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu nr. 62/2005 og fleiri lögum (endurskoðun stjórnslu neytendamála) eins og þau voru birt á Samráðsgátt þann 28. október 2020. Neytendastofa óskar eftir að koma að eftirfarandi athugasemdum við drögin.

I. Stofnun og starfsemi Neytendastofu

Neytendastofa var stofnsett með lögum frá Alþingi, sbr. lög nr. 62/2005, að undangengnum ítarlegum greiningum um nauðsyn þess að setja á stofn stofnun sem myndi tryggja að unnt væri að leysa þau margvíslegu stjórnsýsluverkefni sem íslensk löggjöf gerir kröfur til og hafa að leiðarljósi neytendavernd. Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu urðu kaflaskil á sviði réttinda neytenda. Í Viðauka XIX við EES samninginn er að finna helstu tilskipanir og reglugerðir á sviði neytendaverndar, sem hefur þróast s.l. 25 ár og hefur nú að geyma um 100 tilskipanir og reglugerðir. Þegar á árinu 1998 var ljóst mikilvægi þess að starfrækja öflugra stofnun sem tæki að sér þau margvíslegu stjórnsýsluverkefni og eftirlit tengt hagsmunum neytenda sem fylgja m.a. aðild Íslands að EES.¹

Á grundvelli frekari greininga sem m.a. voru gerðar á árinu 2003 kom framangreind þörf enn betur í ljós og stjórnvöld sem hagaðilar sammála að tryggja þyrfti samhæfða sýn og stjórnsýslu til þess að unnt væri að tryggja öflugra neytendavernd hér á landi þannig að eftirliti með réttindum og skyldum neytenda væri ekki dreift milli ólíkra stofnana. Mikilvægt væri því að tryggja yfirsýn og sérhæfingu á sviði eftirlits og framkvæmd neytendalöggjafar, byggja upp sérhæfingu sem tryggir samlegð fyrir neytendur, atvinnulíf og stjórnvöld. Í greinargerð með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 62/2005 segir m.a.:

„Helsta markmiðið með því að setja Neytendastofu á fót er að efla starf að neytendamálum og þar með auka neytendavernd, en nokkur eðlismunur er á eftirliti með samkeppnishömlum og neytendavernd, þó að hagsmunir til afskipta af fyrirtækjum geti farið saman. Þannig hefur Samkeppnisstofnun það hlutverk að fylgjast með markaðinum og vera hlutlægur úrskurðaraðili ef svo ber undir sem leggur dóm á hvort eðlilegum leikreglum sé fylgt á markaðnum. Eðli málsins samkvæmt er því erfitt fyrir Samkeppnisstofnun að taka afstöðu til hagsmunagæslu fyrir einn aðila markaðarins gegn öðrum.

Þau verkefni sem koma til með að heyra undir hina nýju stofnun snerta öll hagsmuni neytenda með einum eða öðrum hætti. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins auk opinberrar markaðsgæslu og eftirlits með öryggi vöru eru þeir málaflokkar sem augljóslega teljast til neytendamála, en mælifræði og málefni er varða rafmagnsöryggi varða einnig hagsmuni neytenda og eiga því vel heima í hinni nýju stofnun. Neytendastofu verða einnig falin þau verkefni sem nú heyra undir Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofu samkvæmt ákvæðum annarra laga en þeirra sem stofnunin fer með framkvæmd á.“

Neytendastofa hefur undanfarin 15 ár sinnt framangreindu hlutverki af kostgæfni og ljóst er að ávinningur hefur verið mikill fyrir samfélagið, jafnt neytendur sem og aðila í atvinnulífinu. Fjöldi mála sem áður fengu ekki úrlausn hafa verið tekin til stjórnsýslumeðferðar eins og sést af ákvörðunum stofnunarinnar. Samtímis hefur stofnunin áunnið sér traust jafnt neytenda sem og aðila í atvinnulífi sem hafa getað byggt aðgerðir sínar á úrlausnum stofnunarinnar og án mikils kostnaðar eða þurft að leita til dómstóla með ágreining í tengslum við löggjöf um réttindi og skyldur neytenda. Viðhorfskannanir hafa staðfest að traust til Neytendastofu og þekking almennings hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin 15 ár. Þá hefur Neytendastofa verið framarlega meðal opinberra stofnana í rafrænni þjónustu við viðskiptavini stofnunarinnar auk þess sem heimasíða stofnunarinnar hefur sl. tíu ár verið í verðlaunasæti yfir heimasíður ríkisstofnana.

Starf stofnunarinnar hefur verið umfangsmikið, vakið athygli og veitt nauðsynlegt aðhald til að stuðla að góðum viðskiptaháttum og tryggja öryggi neytenda í viðskiptum. Neytendastofa gegnir lykilhlutverki í að tryggja að almenn löggjöf um góða viðskiptahætti sem og sérlög, s.s. lög um neytendalán, fasteignalán til neytenda, pakkaferðir og almennar upplýsingar til neytenda, nái tilgangi sínum og markmiði til verndar neytendum. Stofnunin hefur verið leiðandi í þróun á virku eftirliti á sviði vöruöryggismála, byggt upp sérþekkingu og öflugt tengslanet innanlands sem og utan en með þátttöku í samstarfsverkefnum í Evrópu hefur stofnunin getað sent vörur á prófunarstofur án þess að þurfa að greiða fyrir það. Öðrum stofnunum sem hafa sinnt afmörkuðum þáttum á því sviði hefur ekki í öllum tilvikum tekist að byggja upp jafn öflugt eftirlit á þessu sviði. Öflugt eftirlit með öryggi vöru tryggir jafna samkeppni þannig að vörur sem ekki eru í samræmi við lög eru teknar af markaði og um leið byggir það upp aukið traust neytenda og keppinauta. Á sviði eftirlits með löggjöf um mælitæki og kvarðanir hefur stofnunin einnig verið leiðandi og ein fárra ríkisstofnana sem hefur fengið starfsemi sína faggilta af hálfu alþjóðlega viðurkenndrar faggildingarstofu þ.e. UKAS (breska faggildingarstofan). Þessi árangur hefur m.a. tryggt að íslensk fyrirtæki og prófunarstofur fá þær vottanir og alþjóðlegu viðurkenningu sem þeim eru nauðsynlegar til að geta starfað eðlilega á opnum alþjóðlegum markaði. Þá má benda á að stofnunin hefur sinnt mikilvægu hlutverki nú á tímum COVID m.a. í tengslum við eftirlit með andlitsgrímum og pakkaferðum auk almennra leiðbeininga til neytenda og fyrirtækja um réttindi og skyldur.

II. Athugasemdir við greinargerð með frumvarpsdrögunum

Almennar athugasemdir.

Mikilvægt er að við endurskoðun á skipan neytendamála verði séð til þess að árangur sem fengist hefur af starfi Neytendastofu verði tryggður enda mun að öðrum kosti tapast mikil sérhæfing og þekking sem varðveitt er í dag í starfsemi stofnunarinnar. Það er einnig mikilvægt að rýra ekki traust almennings sem telur öflugna neytendavernd afar mikilvæga sem og fyrirtækja sem vilja geta leitað að sérhæfðum lausnum þegar upp kemur ágreiningur um framkvæmd laga á sviði neytendamála. Að þessu leyti gerir Neytendastofa athugasemdir við

að af greinargerð með frumvarpsdrögum virðist tilflutningur verkefnanna byggður að miklu leyti á skýrslunni *Ný sókn í neytendamálum* frá árinu 2008. Er þar um að ræða 12 ára gamla skýrslu, sem er unnin tæpum þremur árum eftir að Neytendastofa var stofnsett, og eðli málsins samkvæmt hefur ýmislegt breyst frá útgáfu hennar. Má sem dæmi nefna að fjöldi nýrra eftirlitsverkefna hefur bæst við hjá stofnuninni og framkvæmd eftirlits aðlagast að þeim breyttu aðstæðum. Það að stofnunin haldi úti eftirliti með vöruöryggi, opinberri markaðsgæslu, mælifræði og neytendarétti hefur ekki haft þau áhrif að minni framþróun verði á sviðunum. Það er full ástæða til að gera nýja hlutlausa heildarúttekt á neytendamálum í landinu og er því ótímabært að fara í frekari breytingar á Neytendastofu fyrr en slík úttekt liggur fyrir.

Í frumvarpsdrögum kemur fram að tilgangur breytinganna sé, auk þess að fækka ríkisstofnunum, að auka skilvirkni og hagkvæmni eftirlits í þágu atvinnulífs og neytenda. Neytendastofa vill benda á að í frumvarpsdrögum er með litlum sem engum hætti færð rök fyrir því í hverju skilvirkni og hagræðing í þágu atvinnulífs og neytenda geti eða muni felast. Í þessu sambandi vill Neytendastofa benda á að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er ný stofnun eftir sameiningu Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunar og lítil reynsla er komin á hvernig sameiningin hefur tekist. Það er vandasamt verk að sameina stofnanir eða flytja verkefni milli stofnana og má því velja fyrir sér hvort tímabært sé að flytja verkefni frá Neytendastofu til stofnunar sem er nú þegar í breytingarfasa og er að aðlagast sameiningu sem varð um áramót 2020. Nauðsynlegt er að rannsaka og gera hlutlausa úttekt á hvort heppilegt sé að slíkur verkefnaflutningur eigi að eiga sér stað við núverandi aðstæður og án djúpstæðar rannsóknar á framtíðar fyrirkomulagi neytendamála í landinu.

Af frumvarpsdrögum, sem og skýrslunni *Ný sókn í neytendamálum*, virðist tilfærsla verkefna að hluta til byggja á því að þau hlutverk Neytendastofu sem heyra undir öryggis- og mælifræðisvið stofnunarinnar samræmist ekki heiti hennar. Vegna þessa vill Neytendastofa benda á að ekki verður séð að eftirliti með öryggi barnavara eða löggilding eldsneytisdeila (svo fá dæmi séu tekin) falli að heiti stofnunarinnar Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Þá vill Neytendastofa taka fram að þrátt fyrir að það sé óalgennt að mælifræðiverkefni og neytendamál séu á hendi sömu stofnunar þá þekktist það í Evrópu og þá helst í smærri löndum. Þá getur Neytendastofa nefnt mörg dæmi um að vöruöryggismál séu með neytendaréttarverkefnum, t.d. Svíþjóð, Möltu, Írland og Búlgaríu. Neytendastofa þekkir aftur á móti engin dæmi þess að vöruöryggismál og mælifræðiverkefni séu hjá sömu stofnun og veitir íbúðalán.

Athugasemdir við flutning eftirlits með vöruöryggi og opinberrar markaðsgæslu.

Þrátt fyrir að fjöldi annarra stofnana sinni eftirliti með vöruöryggi þá hefur Neytendastofa eftirlit með svokölluðum neytendavörum þar sem um að ræða vörur sem neytendur nota dags daglega en eru ekki ætlaðar í atvinnustarfsemi. Sem dæmi má nefna, rafrettur, persónuhlífar til einkanota, skotelda, eðalmálma, leikföng, barnavörur og aðrar neytendavörur allt frá pottum og pönnum til bifreiða. Neytendastofa getur því ekki fallist á þá umfjöllun í frumvarpsdrögum að eftirlit stofnunarinnar á sviði vöruöryggis verði neytendur ekki með beinum hætti. Telji ráðuneytið nauðsynlegt að gera breytingar á stjórnkerfinu vegna smæðar Neytendastofu telur stofnunin að það væri nær að færa önnur verkefni á starfssviðinu til hennar og gera að enn sterkari stjórnsýslustofnun á sviði neytendaverndar í landinu. Í þessu sambandi leggur stofnunin jafnframt áherslu á að hún hefur gegnt lykilhlutverki sem samræmingaraðili eftirlitsstjórnvalda sem sinna eftirliti með vöruöryggi, líkt og fram kemur í frumvarpsdrögum. Sem hluta af því verkefni hefur stofnunin byggt upp mikilvægt

tengslanet bæði hérlendis og erlendis. Með því að gera Neytendastofu að öflugri, miðlægri stofnun á sviði vöruöryggis væri byggður upp sá trausti grunnur sem unnið hefur verið að síðastliðin 15 ár og hefur skilað sér í aukinni þekkingu og trausti til stofnunarinnar af hálfu atvinnulífs og neytenda.

Hvað samlegð ólíkra sviða stofnunarinnar varðar vill Neytendastofa benda á að vefverslun hefur stóraukist síðustu árin og stefnir í enn meiri viðskipti í netverslun vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Neytendastofa hefur unnið ötullega að því að gera netverslun betri, öruggari og sterkari þar sem stofnunin hefur eftirlit með bæði viðskiptaháttum og vöruöryggi í vefverslun. Með aukinni verslun á netinu þá eykst hlutverk stjórnvalda og hafa OECD, Verisk og fleiri stofnanir síðustu árin bent á kosti þess að hafa eftirlitið með fleiri þáttum vefverslunar á einum stað.² Netverslunum fylgja margir kostir fyrir neytendur s.s. meira úrval og val fyrir neytendur en um leið eykst hættu á margvíslegum villandi upplýsingum sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Neytendastofa tók árið 2018 þátt í verkefni á vegum OECD um öryggi vara sem seldar eru á netinu og kom í ljós að 68% af vörum sem hafa verið innkallaðar af markaði eða sett á sölubönn voru enn boðnar til sölu í vefverslunum. Auk þess kom í ljós að 55% af vörum voru ekki framleiddar í samræmi við evrópska staðla. Villandi viðskiptahættir og óöruggar vörur geta valdið neytendum fjárhagslegu- og líkamlegu tjóni. Neytendastofa telur því mikilvægt að eftirlit með viðskiptaháttum og öryggi vöru fyrir neytendur heyri áfram undir sömu stofnun. Það hefur vakið athygli hvað Ísland og þar með Neytendastofa hefur verið framarlega í að gæta að réttindum og öryggi neytenda við verslun á netinu. Enda hefur stofnunin gert fjölda úttekta á vefsíðum þar sem þær eru skoðaðar bæði út frá vöruöryggi og viðskiptaháttum s.s. barnavörur, fatnaður, rafrettur og nú síðast vegna sölu á andlitsgrímum.

Athugasemdir vegna flutnings verkefna á sviði mælifræði.

Hvað áform um að endurskipuleggja lagaumhverfi mælifræði á Íslandi varðar vill Neytendastofa benda á að misskilnings virðist gæta í frumvarpsdrögunum um kvarðanir og löggilding. Einungis er hægt að löggilda tæki sem uppfylla kröfur laga og reglugerða en kvarða má nær alla hluti og eru löggilding og kvörðun því ekki sami hluturinn. Þannig eru kvarðanir sjaldnast lögformlegar, heldur frjálssar og falla ekki undir samræmismat. Samræmismat er aðgerð sem mælitæki þurfa að fara í gegnum áður en þau eru tekin formlega í notkun. Með því er staðfest að viðkomandi mælitæki sé í samræmi við gerðarviðurkenningu framleiðandans. Gerðarviðurkenning og samræmismat eru framleiðslukröfur svo setja megi viðkomandi mælitæki á markað, sjá reglugerð nr. 877/2016 um gerð og framleiðslu ósjálfvirks vogarbúnaðar (2014/31/ESB(2009/23/EB)) og reglugerð nr. 876/2016 um mælitæki (2014/31/ESB(2004/22/EB)). Löggilding staðfestir að mæling viðkomandi mælitækis sé innan leyfilegra, skilgreindra hámarks frávika og að ekki hefur verið átt við grunnstillingar tækisins. Það hefur sýnt sig að löggilding er nauðsynleg til að tryggja réttar mælingar í viðskipta- og atvinnulífi og mótmælir Neytendastofa því þeim áformum að hætta eiginlegri löggilding mælitækja með tilheyrandi merkingum.

Í dag eru flest allar löggildingar framkvæmdar af einum aðila sem starfar á almennum markaði. Sá starfar samkvæmt samningi í umboði Neytendastofu. Neytendastofa löggildir vatnsmæla og oxulþungavogir Lögreglunnar þar sem ekki hefur fengist aðili á almenna markaðnum til að annast þær löggildingar í dag. Í nokkur ár höfðu tvö fyrirtæki samning um að löggilda í umboði Neytendastofu en sökum smæðar markaðarins, þ.e. fjölda mælitækja, hætti annar aðilinn störfum.

Í frumvarpsdrögum er um það fjallað að vilji sé til þess að færa kvarðanir mælitækja á almennan markað. Af því tilefni vill Neytendastofa benda á að aðilar hafa í gegnum tíðina haft samband við stofnunina og viljað hefja almenna kvörðun á opinberum markaði. Stofnunin hefur hvatt til slíkra áætlana en allir hafa hætt við þau áform eftir nánari skoðun.

Einn aðili á markaði framkvæmir faggilt samræmismat en hefur ekki búnað til að sinna öllu sviðinu eins og staðan er í dag. Það stefnir þó í breytingar á því með fjölgun aðila.

Varðandi notkun á innra eftirliti eða gæðakerfi í stað löggildingar þá hefur verið heimilt að fara þá leið frá 2009 fyrir vogir og frá 2008 fyrir veitumæla og eldsneytisdeklar. Aðilar á markaði hafa skoðað þetta fyrirkomulag vegna voga og niðurstaðan verið á þá leið að það svari ekki kostnaði vegna of fárra voga. Innra eftirlit hefur aftur á móti verið notað fyrir veitumæla þar sem nú eru fjórar veitur með virkt innra eftirlit, en í þeim tilvikum er um að ræða þúsundir mæla og upp í tug þúsundir sem gerir innra eftirlit að hagkvæmari kosti.

Neytendastofa vill benda á að við mögulegan flutning kvörðunarþjónustu yfir til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verður að taka tillit til faggildingar Neytendastofu, sem í dag er sótt til UKAS. Faggildingin er gagnvart ISO 17025 og nær yfir kvarðanir lóða, voga og hitamæla sem tugir fyrirtækja og stofnana nýta sér árlega. Til að tryggja faggildinguna þarf yfirgripsmikið gæðakerfi sem fjallar um ýmsa hluti, bæði þá sem snúa beint að kvörðunarþjónustunni og verklagi þar en einnig að ýmsu sem snertir yfirsjón, skjalamál, trúnaðarmál og margt fleira hjá stofnuninni í heild sinni. Einnig er umfangsmikið magn gagna á rafrænu- og pappírsmáli sem mikilvægt er að hafa aðgang að til að tryggja samfellu í rekstri. Í úttektum UKAS á umliðnum árum hefur framúrskarandi nákvæmni og gæði í faggiltri starfsemi Neytendastofu ítrekað verið staðfest.

III. Niðurlag

Neytendastofa telur að mikilvægt sé að endurskoða með reglubundnum hætti stjórnábyrgðis- og mannvirkjastofnana sem starfa að framfylgd laga og eftirlits hér á landi þar sem tekið er tillit til þess hvort aðstæður hafi breyst í umhverfinu hér á landi eða vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Stofnunin telur ekki þörf á þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpsdrögum til þess að ná fram bættri stjórnábyrgðis- og mannvirkjastofnana sem starfa að framfylgd laga heldur megi vinna að því markmiði með áframhaldandi uppbyggingu Neytendastofu. Þess má geta að starfsemi innan Neytendastofu hefur tekið breytingum undanfarin ár og er í stöðugri þróun til samræmis við breyttar tækniáframfarir og aðstæður á þeim sviðum sem hún sinnir eftirliti með. Þetta hefur t.d. komið fram í breyttum áherslum í eftirliti á öllum starfssviðum stofnunarinnar og uppbyggingu á rafrænum kerfum til hagræðingar fyrir neytendur og atvinnulífið.

Með hliðsjón af öllu framansögðu telur Neytendastofa ljóst að enn eru fyrir hendi allar forsendur fyrir öflugt eftirlit með löggjöf á sviði neytendaverndar innan stofnunarinnar samhliða eftirliti með vöruöryggi, opinberri markaðsgæslu og mælifræði. Löggjöf á sviði neytendaverndar hefur vaxið að umfangi undanfarin ár og mun áfram þróast í þá átt. Jafnframt er ljóst að stofnunin hefur á undanförunum árum byggt upp verulega sérþekkingu og hæfni á þeim sviðum stjórnábyrgðis- og mannvirkjastofnunarinnar sem áformað er að flytja nú til annarra stofnana samkvæmt frumvarpsdrögum.

Neytendastofa telur mikilvægt að verði niðurstaðan sú að farið sé í tilflutning verkefna verði þess gætt að hvorki þekking né sérhæfing glatist og að framþróun í viðkomandi málaflokkum

verði tryggð þannig að haldið verði áfram að byggja upp góða neytendavernd til lengri tíma.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Þórunn Anna Arnadóttir


Guðrún Lárusdóttir

¹ Sjá skýrslu starfshóps á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuncytisins:
https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/acrobat/99_4.pdf

² Sjá nánar:
<http://www.oecd.org/digital/consumer/Online%20Product%20Safety-%20Trends%20and%20chanlleges.pdf> og
<https://www.verisk.com/verisk-review/summer-2019/the-e-commerce-equation-product-safety-vs--the-need-for-speed/>